

# Iðan fræðslusetur

Íslenskir iðnnemar í vinnustaðanámi  
í Evrópu



Höfundur myndverks: Karitas Gunnarsdóttir



Erasmus+  
[www.erasmusplus.is](http://www.erasmusplus.is)

# Koma númeri stærri tilbaka

Ef íslenskir iðnnemar iða í skinninu að komast í nám erlendis er lðan fræðslusetur með svar á reiðum höndum. Helen Gray, verkefnastjóri, segir það hafa verið markmið lðunnar allt frá árinu 2006 að geta boðið þeim hópi upp á að taka hluta af sínu starfsnámi erlendis og að mikið hafi bæst við úrval námsstaða með tímanum.

„Í dag getum við boðið 52 pláss fram til maí 2017 í gegnum verkefnið „Íslenskir iðnnemar í vinnustaðanámi í Evrópu“. Meðal þeirra sem hafa nú þegar farið er matreiðslunemi sem fór til Noma í Danmörku sem er að mér skilst einn besti veitingastaður í heimi. Einnig höfum við sent nema í bílamálun til Frakklands og erum að búa okkur undir að senda nema í stálsmiði, vélvirkjun og prentiðngreinum til Þýskalands á næsta ári. Svo höfum við sent til Finnlands bæði í hárgreiðslu og bakstur.“

Af upptalningu Helenar er augljóst að verkefnið felur í sér afar fjölbreytta reynslu fyrir afar fjölbreyttan hóp. lðan sinnir enda nemum í 28 mismunandi iðngreinum og öllum býðst þeim að sækja um að taka þátt í starfsmenntunarverkefnum víða um Evrópu.

„Við erum með marga samstarfsaðila í Evrópu og höfum byggt upp samstarfsnet í gegnum Euro-Apprenticeship Network. Það samstarfsnet er að vinna að gæðaviðmiðum fyrir nemaskiptaverkefni sem mun koma okkar nemum til góða, bæta okkar verklag og tryggja að nemar fái góð pláss.“

Helen segir þá sem starfað hafa við nemaskiptin vera sammála um að nemar komi tilbaka „númeri stærri“. Nemarnir fara yfirleitt einir en njóta menningarlegs undirbúnings frá lðunni auk þess sem móttökuaðilar sjá til þess að að þeir komist á áfangastað og kynna þá fyrir fyrirtækinu sem þeir munu starfa hjá.

„Þau standa samt á eigin fótum, eru í ókunnugu landi þar sem er annað tungumál og önnur menning að takast á við. Það hefur gengið alveg ótrúlega vel og þegar þau koma tilbaka hafa þau eitthvað nýtt í farteskinu,“ segir Helen. „Þau koma ríkari tilbaka en sjá líka hvað við erum að gera mikið af góðum hlutum hér heima og hvað þau standa sterkt faglega. Þau koma einnig með nýja þekkingu inn í þau fyrirtæki sem þau vinna hjá hér heima svo þetta er algjört „win-win“.“



Petta er algjört „win-win“